

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Minningarsjóð Lárusar Ottesen.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Lárusar Ottesen og er stofnaður samkvæmt ákvörðun í erfðaskrá hans.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 15.000.000 kr. – fimmtán milljónir – og er óheimilt að skerða höfuðstól sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé sjóðsins á hvern þann veg er hún telur gefa besta ávöxtun.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera að styrkja þá er skara framúr á sviði vísinda og menningar. Ennfremur er heimilt að styrkja stúdenta til framhaldsnáms, enda hafi þeir sýnt framúrskarandi námsárangur.

4. gr.

Sjóðsstjórn ákveður fjárhæð styrkja hverju sinni. Ennfremur ákveður hún hvort úthluta skuli eftir umsóknum eða án þeirra og skal miða við að úthluta eigi sjaldnar en annað hvert ár, í fyrsta sinni 1996.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal kjósa með sér formann sem skal hafa umsjón með fundarboðunum svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Bóka skal fundi í sérstaka gerðarbók.

Formaður skal bera ábyrgð á fjárvörslu og reikningshaldi. Daglegar fjárreiður skulu og vera á höndum formanns.

Endurskoðaður reikningur sjóðsins skal sendur ríkisendurskoðun fyrir 30. júní ár hvert.

6. gr.

Til þess að fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart sjóðnum séu gildar þarf formaður auk annars stjórnarmanns hið minnsta að undirrita þær.

7. gr.

Stjórnin ákveður þóknun fyrir stjórnarstörf svo og önnur störf sem unnin eru á vegum sjóðsins.

8. gr.

Lárus Ottesen hefur skipað menn í stjórn sjóðsins og eru þeir eftirtaldir: Gylfi Birgisson, kt. 220956-5129, Brúnalandi 36, Reykjavík, Hörður Sigurgestsson, kt. 020638-2659, Skeljatanga 1, Reykjavík og Örn Guðmundsson, kt. 140962-7599, Huldulandi 1, Reykjavík. Varamaður er Þórir Oddsson, kt. 190541-7899, Lálandi 16, Reykjavík.

Í stjórn sjóðsins skulu ávallt sitja þrír menn og ef einhver stjórnarmanna fellur frá eða kys að láta af stjórnarstörfum, skal varamaður taka sæti í stjórn. Sjóðsstjórn skal síðan velja nýjan varamann.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. september 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ**um fjárhæð og útreikning húsaleigubóta.**

1. gr.

Húsaleigubætur skal ákvarða þannig, að grunnstofn til útreiknings húsaleigubóta á mánuði skal vera 7.000 kr. fyrir hverja íbúð. Að auki bætast við 4.500 kr. fyrir fyrsta barn, 3.500 kr. fyrir annað og 3.000 kr. fyrir þriðja. Til viðbótar koma 12% þess hluta leigu-fjárhæðar er liggur á milli 20.000 - 45.000 kr.

Bætur skerðast óháð fjölskyldustærð í hverjum mánuði um 2% af árstekjum umfram 1,5 millj. kr.

Húsaleigubætur geta þó aldrei orðið hærri en sem nemur 50% af leigufjárhæð, að hámarki 21.000 kr. á mánuði.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 22. gr. laga nr. 100/1994 um húsaleigubætur, sbr. 6. gr., öðlast gildi 1. janúar 1995.

Félagsmálaráðuneytið, 14. september 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Elín S. Jónsdóttir.